



ÖRYGGISBLAÐ

skv. reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og 453/2010

Útgáfa: 2.0

Dagsetning: 19. apríl 2017

1. AUÐKENNING EFNISINS/BLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS/FYRIRTÆKISINS

1.1. Vörukenni **TANNIN REMOVAL POWDER**

1.2. Tilgreind notkun Hreinsiefni.

1.3. Söluaðili Olíuverzlun Íslands hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 515 1000

Netfang: olis@olis.is

Veffang: www.olis.is

1.4. Neyðarsímanúmer
Neyðarlínan: 112
Eitrunarmiðstöð LSH: 543 2222

2. HÆTTUGREINING

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar samkvæmt reglugerð (EB) 1272/2008

Flokkun Málmæt. 1; H290
Húðæt. 1A; H314
Augnsk. 1; H318

2.2. Merkingaratriði Hættumerki



Viðvörðunarorð Hættusetningar

Varnaðarsetningar

Hætta
H290 – Getur verið ætandi fyrir málma.
H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða.
P260 – Andið ekki að ykkur ryki.
P280 – Notið hlífðarhanska, hlífðarfatnað, augnhlífur, andlitshlífur.
P301+P330+P331 – EFTIR INNTÖKU: Skolið munninn. EKKI framkalla uppköst.
P303+P361+P353 – BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinast af efninu. Skolið húðina með vatni/farið í sturtu.
P305+P351+P338 – BERIST EFNIÐ Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
P310 – Hringið í umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P501 – Fargið innihaldi/íláti í samræmi við gildandi lög og reglur.

3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

3.2 Blanda

Efni	Efnakenni	Styrkur%	Flokkun
Natríumkarbónat	CAS# 497-19-8 EINECS# 207-838-8 REACH# 01-2119485498-19	30-60	Augnert. 2; H319
Natríumperkarbónat	CAS# 15630-89-4 EINECS# 239-707-6	30-60	Eldmynd. fast efni 2; H272 Bráð eit. 4; H302 Augnsk. 1; H318
Dínatríummetasilíkat	CAS# 6834-92-0 EINECS# 229-912-9 REACH# 01-2119449811-37	10-30	Málmæt. 1; H290 Húðæt. 1B; H314 Augnsk. 1; H318 STOT SE 3; H335

Hættusetningar eru skráðar í 16. lið.

4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHJÁLP

4.1. Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi

Almennt	Sýnið heilbrigðisstarfsfólki þetta öryggisblað.
Eftir innöndun	Tryggið viðkomandi ferskt loft. Haldið heitum og látið hvílast í stellingu sem léttir öndun. Leitið lækni ef óþægindi vara.
Eftir snertingu við augu	Skolið strax með miklu vatni. Fjarlægið snertilinsur og haldið augnlokum frá. Skolið áfram í a.m.k. 15 mínútur. Leitið lækni strax.
Eftir snertingu við húð	Skolið strax með miklu vatni. Farið úr óhreinkuðum fatnaði. Leitið lækni ef erting er viðvarandi eftir skolon.
Eftir inntöku	Skolið munninn vel með vatni. EKKI framkalla uppköst. Leitið lækni strax.

4.2. Helstu einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin

Almennt	Bruni af völdum efnisins skal meðhöndlaður af lækni.
Innöndun	Efnabruni.
Inntaka	Veldur alvarlegum bruna í munni og hálsi.
Húð	Veldur alvarlegum bruna.
Augu	Alvarlegur brunni og augnskaði.

4.3. Merki um þörf á bráðri lækniþjónustu eða sérstakri meðhöndlun

Sérstök meðhöndlun	Meðhöndlið einkenni.
---------------------------	----------------------

5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

5.1. Slökkvibúnaður

Viðeigandi	Koltvísýringur eða slökkviðuft.
-------------------	---------------------------------

5.2. Sérstök hættu af blöndunni

Myndefni við bruna	Kolefnisoxíð, súrefni.
---------------------------	------------------------

5.3. Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn

Ráðstafanir	Notið vatn til að kæla ílát og dreifa gufu.
--------------------	---

6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

6.1. Öryggisráðstafanir fyrir fólk

Öryggisráðstafanir	Notið viðeigandi persónuhlífar. Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Varist innöndun ryks. Tryggið næga loftræstingu. Varist snertingu við óhreinkuð áhöld og hluti. Meðhöndlið ekki rofnar umbúðir án viðeigandi persónuhlífa. Snertið hvorki né gangið á leka. Myndar hálfu á gólfum og flötum. Þvoið ykkur vandlega eftir meðhöndlun.
---------------------------	---

6.2. Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins

Ráðstafanir	Varist að berist í niðurföll, vatnsfarvegi eða jarðvegi.
--------------------	--

6.3. Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar

Aðferðir	Safnið dufti með þartilgerðri ryksugu með agnasíu eða sópið varlega saman og setjið í viðeigandi ílát til förgunar. Forðist myndun og dreifingu ryks.
-----------------	---

6.4. Tilvísun í aðra liði

Aðrir liðir	Sjá 8. lið fyrir upplýsingar um persónuhlífar.
--------------------	--

7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

7.1. Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun

Meðhöndlun	Varist snertingu við húð, augu og fatnað. Getur verið ætandi fyrir málma. Andið ekki inn ryki. Varist að hella niður. Tryggið næga loftræstingu. Forðist rykmyndun.
-------------------	---

7.2. Örugg geymsluskilyrði, einnig m.t.t. ósamrýmaleika

Geymsla	Geymið við 4-40°C. Geymið aðeins í tryggilega luktum, upprunalegum umbúðum. Geymið upprétt á þurrum, vel loftræstum og læstum stað.
----------------	---

7.3. Sérstök notkun

Sérstök notkun	Hreinsiefni.
-----------------------	--------------

8. VÁHRIFAVARNIR/PERSÓNUHLÍFAR

8.1. Viðmiðunarmörk fyrir váhrif

Váhrifamörk á vinnustað	Engin tilgreind.
--------------------------------	------------------

8.2. Váhrifavarnir

Almennt	Notið viðeigandi persónuhlífar. Staðlar eru tilgreindir innan sviga.
Til hlífðar höndum	Efnaþolnir og ógegndræpir hanskar með a.m.k. 4 klst. gegnþrengingartíma. Efni: nítril, neópren. Þykkt: 0,46mm (EN374).
Til hlífðar augum	Notið efnaþolin og rykþétt öryggisglæraugu ef hættu er á snertingu (EN166).
Hreinlæti	Þvoið húðina strax eftir snertingu. Farið úr óhreinkuðum fötum og þvoið fyrir næstu notkun.

9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

9.1 Upplýsingar um helstu eðlis- og efnafræðilega eiginleika

Eðlisástand	Duft
Litur	Hvítur
Lykt	Engin einkennandi lykt
pH-gildi (óblandað)	Óákvarðað
Vatnsleysni	Blandanlegt í vatni.

10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

10.1. Hvarfgirni

Hvarfgirni Engin skaðleg hvörf þekkt.

10.2. Efnafræðilegur stöðugleiki

Stöðugleiki Stöðugt við venjulegt hitastig og ráðlagða notkun.

10.3. Hætta á skaðlegum efnahvörfum

Efnahvörf Engin þekkt.

10.4. Skilyrði sem ber að varast

Skilyrði Engin þekkt.

10.5. Ósamrýmanleg efni

Efni Sýrur og súr efni. Ál, magnesíum, alkalímálmur.

10.6. Skaðleg niðurbrotsefni

Myndefni við bruna Kolefnisoxíð, súrefni.

11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

11.1. Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif

Innöndun	Efnabruni.
Inntaka	Getur valdið efnabruna í munni, vélinda og maga.
Húð	Veldur alvarlegum húðbruna.
Augu	Veldur alvarlegum augnskaða.

12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

12.1. Eiturhrif

Eiturhrif á vatnalíf Ekki talið hættulegt umhverfinu.

12.2. Þrávirgni og niðurbrotanleiki

Lífbrjótanleiki Talið lífbrjótanlegt.

12.3. Uppsöfnun í lífverum

Uppsöfnun Safnast ekki upp.

12.4. Hreyfanleiki í jarðvegi

Hreyfanleiki Vatnsleysanlegt.

12.5. Niðurstöður úr mati á PBT- og vPvB eiginleikum

Mat Inniheldur hvorki PBT- eða vPvB-efni.

12.6. Aðrar upplýsingar

Upplýsingar Engin gögn.

13. ATRÍÐI VARÐANDI FÖRGUN

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs

Förgun Fargið efninu, lausnum þess, leifum og aukaafurðum í samræmi við gildandi lög og reglur.

14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING

Alþjóðlegar reglur

ADN/IATA/IACO/IMDG/ADR/RID

UN-númer 1759

Flokkur 8

Pökkunarhópur III

Rétt sendingarheiti CORROSIVE SOLID, N.O.S. (disodium metasilicate)

Gangakóði E

15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK

15.1. Sértek lögjöf

15.1.1. ESB-reglur

- Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), með síðari breytingum.

- Reglugerð Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, með síðari breytingum.

15.1.2. Íslenskar reglur

- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

15.2. Efnaöryggismat

Mat Efnaöryggismat hefur ekki verið gert fyrir efnið.

16. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Hættusetningar	H272 – Getur aukið bruna; eldmyndandi (oxandi). H290 – Getur verið ætandi fyrir málma. H302 – Hættulegt við inntöku. H314 – Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða. H318 – Veldur alvarlegum augnskaða. H319 – Veldur alvarlegri augnertingu. H335 – Getur valdið ertingu í öndunarvegi.
Skammstafanir	ADN: Reglur um flutning hættulegra efna á skipgengum vatnaleiðum. Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á skipgengum vatnaleiðum. ADR: Reglur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum . Evrópusamningur um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum. DNEL: Viðmiðunarmörk fyrir váhrif. IMDG: Alþjóðlegur kóði um siglingu með hættulegan varning. PBT: Þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum og eru eitruð. PNEC: Styrkur þar sem engin váhrif eru fyrirsjáanleg. REACH: Skráning, mat, leyfisveiting og takmarkanir að því er varðar efni. TWA: Tímavegið meðaltal. vPvB: Mjög þrávirk efni sem safnast fyrir í lífverum í miklum mæli. STOT RE: Sértek eiturrif á marklíffæri, endurtekin váhrif. STOT SE: Sértek eiturrif á marklíffæri, váhrif í eitt skipti.

Upplýsingarnar á þessu blaði eru, samkvæmt okkar bestu vitneskju, réttar og tæmandi á útgáfudegi. Þær eiga aðeins við um vöruna sem þær lýsa, en ætti ekki að túlka sem tryggingu fyrir tilteknum eiginleikum hennar. Ef varan er notuð með öðru efni eða í öðrum tilgangi en tilgreindur er, gæti verið að upplýsingarnar ættu ekki lengur við. Það er á ábyrgð notanda vörunnar að leggja mat á gildi og ítarleika upplýsinganna í ljósi notkunar sinnar. Engin ábyrgð er tekin á missi eða tjóni vegna notkunar þessara upplýsinga.

Endurskoðun	19. apríl 2017.
Útgáfa	2.0
Gert þann	10. desember 2017.
Þýðing og uppsetning	Reynir Hjálmarsson
Heimild	Arrow Solutions, sales@arrowchem.com